

**Nd.** **376. Frumvarp til laga** [149. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 20. marz.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, svo og starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, enda fullnægi þeir skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr. I. a., um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

Á eftir 5. málslíð 1. málsgreinar 17. gr. komi:

Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár eða lengur í þjónustu ríkisins eða sjálfseignarstofnunar, sem fengið hefur aðild að sjóðnum, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.